

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

SKILYRT STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: East coast rental ehf.
kt. 650612-2050

Starfsstöð: Nesbraut 10, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 228-6040

Leyfið gildir frá 19. júlí 2019 til 30. september 2019

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **Viðgerðaraðstöðu fyrir vélar og tæki í eigu fyrirtækisins sem og lager- og geymsluaðstöðu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til skamms tíma þar sem mengunarvarnir uppfylla ekki skilyrði sem gera ber um búnað.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Dröfn Svabjörnsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: East coast rental ehf, kt. 650612-2050
Starfsstöð: Nesbraut 10, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 228-6040

Leyfið gildir frá 19. júlí 2019 til 30. september 2019

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Viðgerðaraðstöðu fyrir vélar og tæki í eigu fyrirtækisins sem og lager- og geymsluaðstöðu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ósk þar um og skv. neðangreindum lögum.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

Um er að ræða starfsleyfi fyrir viðgerðir og viðhald á tækjum og vélum sem eru í eigu rekstaraðila en ekki er um að ræða leyfi fyrir almenna viðgerðapjónustu við utanaðkomandi aðila.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu

Ekki búið að koma fyrir olíuskilju við fráveitu frá húsnæðinu að Nesbraut 10 á Reyðarfirði en búið er að leggja inn pöntun á sambyggða sand- og olíuskilju að stærðinni 2,25 m³ frá Sæplasti.

Krafa er um að áður en starfsleyfið fellur út gildi, þ.e. fyrir 30. september 2019, verði olíuskilja sett niður sem tekur við fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólfi og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólplögn. Sama gildir um þrær eða plön undir olíutanka, einnig úrgangsolíutank. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvikrum viðvörunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar. Hönnun og notkun olíuskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar.

Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.

Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

3. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

3.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olíugeyma, olíu- og sandskiljur og olíulagnir.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

3.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku fráveitu frá olíuskilju
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Mengunarslys og viðbrögð við þeim

4. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

5. Starfsemi hætt

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður og til að koma rekstrarsvæði í viðundandi horf, að mati útgefanda starfsleyfis, þegar atvinnurekstur er endanlega stöðvaður eða lagður niður.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni.

6. Annað sem varðar starfsemina

6.1. Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitarfélagsins á Reyðarfirði með gilt starfsleyfi. Vatnsveitan uppfyllir þau skilyrði sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir til neysluvatnsveitna.

Um neysluvatnsveitur gilda m.a.

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*

6.2. Fráveita

Afrennsli er leitt í fráveitu sveitarfélagsins á Reyðarfirði.

Um fráveitur gilda m.a.

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

6.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

6.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð. Hlutum skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.

Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílhrae, bíhluti og annan úrgang á lóðinni þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.

7. Undanþága og krafa vegna starfsleyfis

Innan gildistíma starfsleyfisins skal vera búið að uppfylla kröfu um mengunarvarnir á starfstöð fyrirtækisins, skv. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017.

19. júlí 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svantýrnsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi

19. júlí 2019

East coast rental ehf.
Eyrarholti 6
220 Hafnarfjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir viðgerðaraðstöðu sem og lager- og geymsluaðstöðu að Nesbraut 10, 730 Reyðarfirði

Óskað var eftir starfsleyfis fyrir viðgerðaraðstöðu véla og tækja í eigu fyrirtækisins sem og lager- og geymsluaðstöðu að Nesbraut 10, 730 Reyðarfirði. Um er að ræða tímabundið skilyrt starfsleyfi með gildistímann 19. júlí 2019 – 30. september 2019. Usækjandi er East coast rental ehf., kt. 650612-2050.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 19. júní sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 18. júlí 2019.

Þar sem um er að ræða endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi